

Sp.

21. Nefndarálit

um till. til þál. um auknar ráðstafanir til eyðingar á tundurduflum við strendur landsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar um skeið og kynnt sér til hlítar gang þessa máls. Hefur hún fengið skýrslu um málið frá forstjóra skipaútgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, en ríkisstjórnin fól honum í öndverðu að hafa á hendi yfirumsjón og eftirlit með eyðingu tundurdufla við strendur landsins. Nú hafa verið sett tæki til þess að eyða með tundurduflum í fimm skip. Hafa þau að meira eða minna leyti tekið þátt í þessu starfi, en þó ekki öll í senn að staðaldri, sökum annarra anna. Þá er það og komið á nokkurn rekspól að gera dufl óvirk, sem reka í land, en það mál hafði nokkurn aðdraganda, sökum þess að innlenda menn skorti kunnáttu í því starfi, og fræðslu til þess varð að afla hjá erlendum mönnum.

Nefndin er sammála flutningsmönnum tillögunnar um það, að að því leyti sem þær ráðstafanir, er þegar hafa verið gerðar til eyðingar tundurdufla við strendur landsins, fela ekki í sér þá úrlausn á þessu nauðsynjamáli, að ýrustu varúðar sé gætt, þá beri að kosta kapps um, að þar sé bót á ráðin.

Nefndin leggur því áherzlu á, að ríkisstjórnin geri á hverjum tína þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að nægur skipakostur og annað, sem með þarf, sé ávallt fyrir hendi í þessu skyni.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, eftir því sem kostur er á, að ávallt sé fyrir hendi nægur skipakostur til þess að nota við eyðingu tundurdufla meðfram ströndum landsins, svo og að sjórekin tundurdufl verði tafarlaust eyðilögð.

Alþingi, 31. okt. 1941.

Pétur Ottesen,
form., frsm.

Emil Jónsson,
fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson.

Páll Hermannsson.

Jónas Jónsson.

Sig. E. Hliðar.

Bjarni Bjarnason.

Helgi Jónasson.

Sigurður Kristjánsson.